**Námsáætlun fyrir samfélagsgreinar - 6. bekkur**
**skólaárið 2024 – 2025**

**Kennari:** Ásta Sigurlaug Tryggvadóttir og Eva Dís Karlsdóttir
**Tímafjöldi:** 3 tímar á viku í samfélagsfræði og lífsleikni.

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| Samfélagsfræði<br>Reynsluheimur | **Markmiðið er að nemandi öðlist hæfni í að:**<br>Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti. Umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi<br><br>gera sér grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa<br><br>greina samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf.<br><br>nota mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni<br><br>skýra tengsl samfélags og lífsviðhorfa fyrr og nú | Landafræði; Norðurlönd (haust): Kennslan byggist á lestri, umræðum og verkefnavinnu í tímum ýmist sjálfstætt eða í hóp.<br><br>Fjallað um Norðurlöndin og einkenni þeirra. Nemendur eru þjálfaðir í að nota kortabækur og afla upplýsinga úr þeim.<br><br>Saga; Snorra saga (vor): Snorra saga er lesin, rædd og verkefni unnin úr henni. | Námsmat byggist á verkefnum ýmist einstaklings- og hópverkefni, umræðum og virkni í tímum.<br>Hópverkefni: nemendur gera ferðabækling um Norðurlöndin. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | nota kort og gröf til að afla sér upplýsinga<br><br>ræða á upplýsandi hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu<br><br>velta fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af, svo sem umhverfi, samfélagsskipulagi og þjóðfélagshreyfingum<br><br>lýsa einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti<br><br>draga upp mynd af afmörkuðum efnisþáttum stórrar og smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar<br><br>greina hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum<br><br>metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | séð gildi slysavarna og viðbragða við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni | | |
| Hugarheimur - Sjálfsmynd | Nemendur geti:<br>Lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nær samfélagi, umhverfi og menningu.<br><br>Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.<br>Áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast.<br><br>Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum.<br><br>Sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni.<br><br>Lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.<br><br>Tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti.<br><br>Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess. | Spjall í kennslustundum um hin ýmsu málefni daglegs lífs, hópefli, klípusögur o.fl. | - þátttaka í umræðum<br>- virkni í kennslustundum<br>- verkefni<br>-bragðarefur |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Félagsheimur - Samskipti | Nemendur geti:<br>Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.<br><br>Borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.<br><br>Metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt.<br><br>Rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.<br><br>Tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt.<br><br>Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.<br><br>Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.<br><br>Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.<br><br>Rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra. | Umræður í kennslustundum um ýmis málefni daglegs lífs, jafnvel tengt nærsamfélaginu og mismunandi skoðanir ræddar. | -þátttaka í umræðum<br>-verkefni<br>-sjálfsmat<br>-hópavinna<br>-Bragðarefur |

| |
|---|
| **Námsgögn:**<br>**Saga og landafræði:**<br>Norðurlönd, Norðurlönd verkefnabók að hluta til, Kortabók, efni frá kennara.<br>**Lífsleikni:**<br>Ég og sjálfsmyndin, efni frá kennara og sterkari út í lífið (heimasíða) |
| **Lokanámsmat:**<br>Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Lokaeinkunn gefin í bókstöfum A, B+, B, C+, C, D |